

- 193 500 króna seðlarnir eru með ljósbrúnum lit, 100 króna seðlarnir með bláum lit, 50
19. des. króna seðlarnir með grænum lit, 10 króna seðlarnir með rauðum lit og 5 króna seðl-
arnir með mógrænum, daufum lit.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. desember 1947.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

194

29. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1947.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 130/1947 til þess að inn-
heimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum
skemmtunum með 20% álagi árið 1948.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undan-
þegnar skattaúkanum.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

195

4. des.

AUGLÝSING

um framlengingu á bótatímabili Tryggingastofnunar ríkisins.

Ákveðið hefur verið, að yfirstandandi bótatímabil Tryggingastofnunar ríkisins
framlengist til 30. júní 1948. Þeir, sem nú njóta ellilífeyris, örorkulífeyris, barnalíf-
eyris, ekkjulífeyris, fjölskyldubóta eða örorkustyrks, þurfa því ekki að endurnýja
umsóknir sínar um næstu áramót, þar sem úrskurðir um slíkar bætur gilda áfram
fyrri missiri ársins 1948 og bætturnar verða greiddar þann tíma með sömu grunn-
upphæðum og á þessu ári, nema úrskurðum beri að breyta lögum samkvæmt.

Þeir, sem njóta örorkulífeyris eða örorkustyrks, sem úrskurðaður hefur verið
samkvæmt tímabundnum örorkuvottorðum, er ekki gilda lengur en til næstu ára-
móta, þurfa þó, ef þeir óska að njóta lífeyris eða styrks áfram, að senda nýtt læk-
nisevottorð áður en hið eldra fellur úr gildi, svo að orkutapið verði metið á ný. Greiðsl-
ur lífeyris og styrks til þeirra verða frá næstu áramótum miðaðar við hið nýja mat.

Þeir, sem vegna aldurs eða örorku öðlast rétt til lífeyris á tímabilinu til 30.
júní 1948, sendi umsóknir sínar til umboðsmanns Tryggingastofnunarinnar á venju-
legan hátt. Sama er um þá, sem á nefndu tímabili öðlast rétt til fjölskyldubóta,
barnalífeyris, mæðra- eða ekknabóta eða sjúkradagpeninga.

Næsta bótaár hefst 1. júlí 1948 og endar 30. júní 1949. Verður auglýst síðar með
hæfilegum fyrirvara, hvenær umsóknir fyrir það bótaár skuli endurnýjaðar.

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslum, að hlutaðeigandi hafi greitt áfallin iðgjöld
til trygginganna. Er því áriðandi, að umsækjendur gæti þess að hafa tryggingaskír-
teini sín í lagi.

Tryggingastofnun ríkisins, 4. desember 1947.

Haraldur Guðmundsson.